# REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

5. mgr. A-liðar 28. gr. orðist svo:

Hámarksfyrning, miðuð við áætlaðan lágmarksendingartíma eftirtalinna eigna, skal vera sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 1. Bifreiðir: | |
| Leigubifreiðir | 20% |
| Læknabifreiðir | 15% |
| Strætisvagnar og áætlunarbifreiðir til langferða | 25% |
| Vörubifreiðir | 20% |
| 2. Byggingar og önnur mannvirki: | |
| Benzíngeymar og dælur til benzínsölu | 10% |
| Bryggjur úr timbri | 10% |
| Dráttarbrautir | 18% |
| Gistihús, meðan á starfstíma stendur | 4% |
| Gróðurhús | 10% |
| Loðdýrabú og tilheyrandi girðingar | 15% |
| Rafstöðvar (dísil- og gufuknúnar) | 8% |
| Rafstöðvar (vatnsorkuknúnar) | 4% |
| Síldarsöltunarbryggjur (plön) | 10% |
| Stálgeymar (tankar) | 4% |
| Steinsteyptir geymar (tankar) | 3% |
| Steinhús (af fasteignamati) | 4% |
| Timburhús (af fasteignamati) | 6% |
| Torfhús (af fasteignamati) | 8% |
| Útihús á bújörðum | 4% |
| Verksmiðju-, verkstæðis- og vörugeymsluhús | 4% |
| Verksmiðjuhús, sem notuð eru til vinnslu landbúnaðar- og sjávarafurða | 10% |
| 3. Flugvélar og flugtæki: | |
| Flugvélar | 20% |
| Hreyflar | 20% |
| Siglingatæki | 20% |
| Önnur tæki | 20% |
| 4. Iðnaðarvélar og tæki (verkfæri): | |
| Fiskiðnaðarvélar og tæki | 20% |
| Frystivélar og tæki | 20% |
| Prentletur | 20% |
| Allar aðrar iðnaðarvélar og tæki | 18% |
| 5. Jarðvinnslu- og landbúnaðarvélar og tæki: | |
| Dráttarvélar (á hjólum) | 20% |
| Skurðgröfur | 20% |
| Aðrar jarðvinnslu- og landbúnaðarvélar og tæki | 18% |
| 6. Mannvirkjagerðar- og vöruflutningatæki: | |
| Beltadráttarvélar (jarðýtur) | 25% |
| Farandloftþjöppur | 20% |
| Loftþjöppur | 15% |
| Uppskipunar- og byggingakranar | 15% |

| | |
|---|---|
| Vélskóflur | 20% |
| Vörulyftur | 8% |
| Önnur mannvirkjagerðar- og vöruflutningatæki | 15% |
| 7. Skip og skipsbúnaður: | |
| Farþegaskip úr stáli með vél | 8% |
| Fiskiskip úr stáli með vél | 12% |
| Mótorvélar í fiskiskip | 20% |
| Opnir bátar | 15% |
| Skip úr eik án vélar | 12% |
| Skip úr furu án vélar | 15% |
| Tankskip með vél | 10% |
| Vöruflutningaskip úr stáli með vél | 8% |
| Önnur skip úr stáli með vél | 12% |
| Kraftblokkir | 20% |
| Siglinga- og fiskileitartæki | 20% |
| 8. Ýmsar vélar og tæki: | |
| Fjölritarar og áhöld til fjölritunar | 12% |
| Fólkslyftur | 6% |
| Hárgreiðslu- og rakarastofutæki | 15% |
| Hótel-innbú (annað en borðbúnaður) | 10% |
| Kvikmyndasýningarvélar | 10% |
| Ljósmyndatæki | 15% |
| Lækningatæki og rannsóknartæki lækna | 10% |
| Rannsóknartæki og vélar | 18% |
| Skrifstofuvélar og áhöld | 12% |
| Skýrslugerðarvélar | 15% |
| Þvottahúsa- og efnalaugavélar | 12% |

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 90 7. október 1965, öðlast gildi þegar í stað og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1965.

*Fjármálaráðuneytið, 10. marz 1966.*

**Magnús Jónsson.**

*Björn Hermannsson.*

Nr. 80. 23. marz 1966.

# REGLUGERÐ

## um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

1. gr.

Af hverju ökutæki, sem ekur um Reykjanesbraut, fram hjá gjaldstöð nálægt bænum Straumi sunnan við Hafnarfjörð, skal greiða umferðargjald, miðað við báðar leiðir, sem hér segir:

I. flokkur:

Fólksbifreiðar að og með 1100 kg eigin þunga og sendiferðabifreiðar, að og með 450 kg að burðarmagni ........ kr. 40.00